



Lífeyrissjóðir – góð staða að mörgu leyti




Okkar verðmætasta eign

Íslenska lífeyriskerfið er eitt merkilegasta fyrirbæri íslensks samfélags og ein verðmætasta eign þess. Óhætt er að fullyrða að aðilar vinnumarkaðarins hafi sýnt mikla framsýni þegar þeir stigu fyrstu skrefin í áttina að uppbyggingu almenna lífeyriskerfisins hér og síðan í áframhaldinu með nauðsynlegum breytingum á því. Samanlagðar hreinar eignir alls lífeyriskerfisins til greiðslu lífeyris voru í árslok 2013 um 2.700 milljarðar kr. eða u.þ.b. 150% af vergri landsframleiðslu og hefur hlutfallið aldrei verið hærra. Hrein eign sjóðanna tók nokkra dýfu í hruninu en hefur síðan komist á beina braut.

Staða lífeyrismála er sérstök hér á landi vegna þessarar miklu sjóðsöfnunar og standa bein framlög hins opinbera undir minni hluta lífeyrisgreiðslna en víðast hvar annars staðar. Af Evrópuþjóðum erum við ásamt Hollendingum í fararbroddi hvað stærð lífeyrissjóða varðar.

Staða sjóðanna og ávöxtun

Meginniðurstaða nýlegrar úttektar Fjármálaeftirlitsins (FME)¹ er að almennu lífeyrissjóðirnir sem byggja á sjóðsöfnun og njóta ekki opinberrar ábyrgðar séu í þökkalegri stöðu þrátt fyrir mikla erfiðleika og áföll sem fylgdu hruninu. Tryggingafræðileg staða þessara sjóða hefur batnað verulega á undanförunum árum, meðal annars vegna skerðinga lífeyrisréttinda eftir tap þeirra 2008, og er nú talin vera nálægt því langtímajafnvægi sem stefnt er að. Raunávöxtun sjóðanna hefur á síðustu tveimur árum verið vel yfir því 3,5% viðmiði um ávöxtun sem sjóðirnir búa við. Meðaltalsávöxtun síðustu tíu ára að tapinu í hruninu meðtöldu var 3,1% sem er fyrir neðan viðmiðið, en meðaltal síðustu 5 ára hefur verið 3,7% og skiptir góð ávöxtun síðustu 2ja ára miklu í því sambandi



¹ sjá: <http://www.fme.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/2100>

Stórt og fyrirferðamikið kerfi

Lífeyriskerfið er orðið mjög stórt og er þess vegna auðveldur skotspónn í umræðunni. Gagnrýni og neikvæð umræða í garð lífeyrissjóðanna hefur að sumu leyti aukist eftir því sem þeir hafa orðið sterkari og þar með fyrirferðarmeiri í efnahagsumræðunni. Mikil umræða er t.d. um stjórn sjóðanna og hve ógagnsæir þeir eru. Það er hins vegar staðreynd að sjóðirnir hafa náð góðum árangri í gegnum tíðina þrátt fyrir hvernig þeim hefur verið stýrt.

Lífeyrissjóðirnir mjög sterkir hér

Það er ekki nóg með að Ísland hafi þá sérstöðu að almennur lífeyrissparnaður sé uppistaðan í lífeyriseign þjóðarinnar heldur er lífeyrissjóðakerfið einnig með mjög sterka stöðu. Sé litið á Norðurlöndin sést að lífeyrissparnaður hjá tryggingarfélögum er verulega mikill hjá Dönum og Svíum, en hjá Norðmönnum, Finnum og okkur er nær allur sparnaðurinn hjá lífeyrissjóðum. Þar sem lífeyrissparnaður sem hlutfall af þjóðarkökunni er mun meiri hér en í bæði Noregi og Finnlandi eru lífeyrissjóðirnir hér með hlutfallslega miklu sterkari stöðu.

Lífeyrisgreiðslur enn tiltölulega lágar hér

Lífeyrisgreiðslur eru enn lægri hér á landi en í flestum löndum, enda er aldurssamsetning þjóðarinnar enn tiltölulega hagstæð. Sé litið á Norðurlöndin sést að við erum á svipuðum stað og Norðmenn, en mun lægri en t.d. Danir og Svíar. Enn og aftur sést sérstaða Íslands í því að bein opinber framlög til lífeyris eru hlutfallslega mun minni hér og almenna lífeyriskerfið hlutfallslega mun stærra.


Lífeyrissjóðum fækkar

Á árinu 2013 voru starfandi 27 lífeyrissjóðir og fer þeim stöðugt fækkandi. Fimm stærstu sjóðirnir eru Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Gildi lífeyrissjóður, Sameinaði lífeyrissjóðurinn og Stapi lífeyrissjóður. Hrein eign þeirra nam 1.547 milljörðum kr. í árslok 2013 sem er um 55% af lífeyrismarkaðnum og um 87% af vergri landsframleiðslu.

Kostnaður við kerfið


Því er oft haldið fram að íslenska lífeyriskerfið sé dýrt og að það kosti of mikið að reka margar

Lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af VLF




Heimild: OECD, Pension Markets in Focus, 2013

Hrein ávöxtun samtryggingadeilda lífeyrissjóðanna



Heimild: Fjármálaeftirlitið

Rekstrarkostnaður lífeyrissjóða sem hlutfall af eignum



Heimild: OECD, Pension Markets in Focus, 2013



einingar. Sé litið á tölur frá OECD um kostnað við lífeyrissjóði sem hlutfall af eignum þeirra sést að Ísland stendur ekki sérstaklega illa, með hærri kostnað en Danir, en lægri en t.d. Norðmenn og Finnar. Við erum þannig á svipuðum stað og t.d. Sviss sem er með ágætlega stórt lífeyrissjóðakerfi.

Ýmsar hættur eru handan við hornið

Þrátt fyrir að niðurstaða nýlegrar úttektar FME á lífeyrissjóðakerfinu hafi verið að mörgu leyti hagstæð er staða kerfisins að ýmsu leyti brothætt. Um þá hlið málsins verður fjallað í Hagsjá sem kemur út á morgun.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.